

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Fellahreppi árið 1995.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Fellahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1995 sem innheimt er með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

a) **Íbúðir.**

Sorphirðugjald er kr. 5.000 á hverja íbúð í Fellabæ.

Sorpeyðingargjald er kr. 1.250 í dreifbýli þar sem sorp er ekki tekið.

b) **Fyrirtæki.**

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum.

Flokkur a) kr. 5.000

“ b) kr. 15.000

“ c) kr. 30.000

“ d) kr. 60.000

“ e) kr. 120.000

Hreppsnefnd raðar fyrirtækjum í flokka eftir magni úrgangs.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Fellahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum til að gilda árið 1995.

*Umhverfisráðuneytið, 10. janúar 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

## REGLUGERÐ

### um lífeyrissjóðsgreiðslur Ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota.

#### 1. gr.

Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota ábyrgist kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs um vangoldin lífeyrissjóðsgjöld sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir frestdag að uppfylltum skilyrðum III. kafla laga nr. 53/1993. Ábyrgðin takmarkast þó við lágmark 4. gr. l. nr. 55/1980.